



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 7/2026

Kynning og markaðssetning Executive MBA náms við Akademias

I. Málsmæðferð

1. Með bréfi Neytendastofu til Akademias ehf., dags. 1. ágúst 2024, var félaginu gert kunnugt um að Neytendastofu hafi borist ábendingar sem lutu að auglýsingar- og kynningarefni Akademias. Nánar tiltekið lutu ábendingarnar að því að auglýsinga- og kynningarefni Executive MBA námi félagsins feli í sér villandi viðskiptahætti þar sem ekki sé um að ræða raunverulegt meistaranám sem veiti nemendum sem útskrifast úr náminu/námskeiðinu sérstaka prófgráðu.
2. Á vefsíðu félagsins kemur fram að félagið bjóði upp á Executive MBA nám þar sem fólk útskrifast bæði úr einstökum áföngum, þar sem námskeiðin séu rekin sem sjálfstæð námskeið, og úr Executive MBA þegar það sé búið með sem samsvarar 90 ECTS einingum. Akademias skilgreinir sig sem menntunar- og þjálfunarfyrtæki en svo virðist vera sem félagið sé ekki viðurkenndur háskóli þar sem Akademias er ekki á lista Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins (þá Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið) um viðurkennda háskóla hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu mega einungis þær stofnanir kalla sig háskóla og bjóða upp á háskólanám sem hlotið hafa viðurkenningu til þess frá viðkomandi ráðherra og má því leiða líkur á að einvörðungu viðurkenndir háskólar hafi heimild til að bjóða upp á meistaranám og veita ECTS einingar. MBA nám er almennt skilgreint sem „*Master of Business Administration*“ og hljóta nemendur sem standast námið meistaraþráðu í viðskiptum.
3. Í bréfinu vakti Neytendastofu athygli Akademias á eftirliti stofnunarinnar með lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Nánar tiltekið var fjallað um efnisinntök 5. gr., 1. mgr. 8. gr., a., b. og f. lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. laganna er tekur til óréttmætra viðskiptahátta.



4. Svarbréf Akademias barst Neytendastofu þann 14. ágúst 2024. Í svari félagsins var það tekið fram að Akademias hafi aldrei haldið því fram að félagið væri háskóli eða geti gefið út ECTS einingar eins og háskóli. Félagið hafi í raun lagt áherslu á að vera ekki háskóli, það komi þó ekki í veg fyrir það að Akademias geti boðið upp á stjórnendanám þar sem tekið er mið af því hvernig ECTS einingar eru reiknaðar út í háskólum almennt. Háskólum sé frjálst að meta nám Akademias ef vilji sé fyrir hendi og dæmi væri um að svo væri gert.
5. Akademias benti á í bréfi sínu að Executive MBA sé ekki lögverndað heiti og að aðrar stofnanir en háskólar hafi boðið upp á slíkt nám með því nafni. Í því samhengi vísaði Akademias til þess að Copenhagen Business School bjóði upp á nokkrar útgáfur af MBA námi og hafi í dag þrefalda vottun (EQUIS, AMBA og AACSB). Það hafi ekki verið fyrr en skólinn sameinaðist Scandinavian International Management Institute (SIMI) sem boðið var upp á slíkt nám sem hafði áður verið í boði hjá SIMI og var Executive MBA nám sem var kennt við SIMI. Scandinavian International Management Institute var þó ekki háskóli og gaf ekki út háskólagráður.
6. Jafnframt vísaði Akademias til þess að Háskóli Íslands hafi fyrst boðið upp á MBA nám á Íslandi árið 2000. Þá hafi námið verið kynnt sem samstarf Viðskiptadeildar Háskóla Íslands og Endurmenntunar HÍ. Seinna hafi komið í ljós að Háskóli Íslands gaf ekki út þessa MBA gráðu og í raun voru fyrstu árgangarnir sem fengu þessa gráðu ekki að fá háskólagráðu. Í dag sé námið rekið af Viðskiptafræðistofnun, sem sé ekki háskóli, en viðurkennd stofnun af Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Það megi því sjá að boðið hafi verið upp á Executive MBA nám, eða það hafi verið viðurkennt heiti, bæði við íslenska háskóla og erlenda háskóla án þess að því hafi fylgt háskólagráða.
7. Akademias kannaðist ekki við að hafa áður heyrt gagnrýni á þessa notkun Executive MBA frá þeim sem vel þekki til. Akademias sé í góðri samvinnu við European Academy of Management, sem er samstarf 50 háskóla í Evrópu, og ekki hafi verið gerð athugasemd við þessa framsetningu, þrátt fyrir að öllum sé ljóst að Akademias sé ekki Háskóli. Að mati Akademias sé sennilega engin stofnun sem auglýsi MBA nám meira á samfélagsmiðlum en Next MBA, sem hafi útskrifað fleiri en 20 þúsund manns samkvæmt heimasíðu félagsins. Margar af helstu stjórnunum akademíunnar og viðskiptalífsins kenna fyrir Next MBA og virðist sem þeir geri ekki athugasemdir við markaðssetningu stofnunarinnar. Next MBA sé ekki háskóli og gefi ekki út háskólagráður.
8. Í bréfi sínu vakti Akademias einnig athygli á hvernig Háskóli Íslands auglýsi MBA námið sitt. Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands stýri og reki MBA nám Háskóla Íslands. Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands sé ekki háskóli sem slíkur heldur sjálfstæð stofnun sem tengist háskólanum, þ.e. Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands gefur ekki út prófgráður í eigin nafni. Um Viðskiptafræðistofnun segir: „Viðskiptafræðistofnun er



fræðslu- og rannsóknastofnun sem er starfrækt í umboði viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands“. Ástæðan fyrir því að MBA nám Háskóla Íslands falli ekki beint undir háskólann sé fyrst og fremst rekstrarlegar forsendur, t.a.m. varðandi verðlagningu náms o.fl. Akademias velti fram þeirri spurningu hvort að námið hjá Háskóla Íslands ætti ekki frekar að heita Executive MBA nám Viðskiptafræðistofnunar, í samstarfi við Háskóla Íslands.

9. Að lokum tók Akademias fram að félagið hafi verið mjög skýrt hvað varðar afstöðu sína til Executive MBA náms Akademias og það hafi aldrei verið kynnt sem háskólanám. Nemendur Akademias, þá sérstaklega Executive MBA nemendur, séu upplýstir um að Akademias sé ekki háskóli og geti ekki gefið út ECTS-einingar. Taldi Akademias það ljóst að ábendingar Neytendastofu hafi því ekki borist frá nemendum Akademias né viðskiptavinum. Akademias velti upp þeirri spurningu að ef að túlka ætti heiti sem séu ekki lögverndaðar háskólagráður sem háskólagráður af því það henti vissum aðilum, hvað sé þá langt í að stjórnendanám, samningatækni og önnur þjálfun og kennsla falli einnig undir háskóla.
10. Með bréfi Neytendastofu til Akademias ehf., dags. 17. desember 2024, var félaginu tilkynnt um að vegna fjölda fyrirliggjandi mála væru fyrirséðar tafir á afgreiðslu málsins en vonast væri eftir að erindið yrði afgreitt innan tveggja mánaða frá dagsetningu bréfsins.
11. Með bréfi Neytendastofu til Akademias ehf., dags. 22. janúar 2025, kom fram að þrátt fyrir að heitið „Executive MBA“ sé ekki lögverndað heiti vísi það að mati Neytendastofu til skilgreiningar á náminu „Master of Business Administration“ þar sem nemendur sem standast námið hljóta meistaragráðu í viðskiptum. Jafnframt vakti Neytendastofa athygli Akademias á efnisinntökum 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er tekur til villandi viðskiptahátta í formi rangra eða villandi upplýsinga til neytenda.
12. Í því samhengi benti Neytendastofa á eftirfarandi kynningarefni sem finna mátti á vefsíðu félagsins, akademias.is, þar sem fjallað er um Executive MBA nám félagsins,

„Fólk útskrifast bæði úr einstökum áföngum, þar sem námskeiðin eru rekin sem sjálfstæð námskeið, og úr Executive MBA þegar það er búið með sem samsvarar 90 ETCS einingum.“

„Þú útskrifast þar með viðurkenningu úr einstökum miniMBA, Viðurkenndum og Sérfræðingur-áföngum og færð svo heildargráðu sem er Akademias Executive MBA.“



„Hefðbundið MBA nám er venjulega ekki með sérhæfingu þó að það hafi aukist að slík MBA nám séu í boði. Executive MBA nám Akademias býður fólki að velja hvort það hefur sérhæfingu eða ekki.“

„Til að ljúka Akademias Executive MBA þurfa nemendur að ljúka við ígildi 80 ein. af námskeiðum auk 10 ein. lokaverkefnis.“

13. Að mati Neytendastofu kunni framangreint kynningarefni Akademias að vera villandi gagnvart neytendum þar sem það líti út fyrir að félagið gefi til kynna að námið sé ígildi ECTS eininga og að nemendur hljóti að námi loknu MBA gráðu. Þá sé einnig að finna samanburð á MBA námi félagsins við annað hefðbundið MBA nám sem gæti gefið til kynna að um sambærilegt nám væri að ræða. Ekki sé að sjá á vefsíðu félagsins að tekið sé fram að ekki sé um hefðbundnar ECTS-einingar eða hefðbundna MBA-gráðu að ræða sem einvörðungu viðurkenndir háskólar mega veita.
14. Svarbréf Akademias ehf. barst Neytendastofu þann 20. febrúar 2025. Í bréfinu var það ítrekað að Akademias hafi aldrei haldið því fram að félagið væri háskóla eða geti gefið út ECTS einingar eins og háskóli. Akademias hafi í raun lagt áherslu á að vera ekki háskóli.
15. Að mati Akademias var í bréfi Neytendastofu, dags. 22. janúar 2025, ekki að finna neinar nýjar ábendingar né athugasemdir. Akademias hafi svarað þeim athugasemdum Neytendastofu í fyrra bréfi en að mati félagsins væru þær endurteknaðar í seinna bréfi en þó viðurkennt að þær hafi ekki lagalegan grundvöll.
16. Var það mat Akademias að Neytendastofa hafi farið með rangfærslur í bréfi sínu, þ.e. að gefið hafi verið í skyn að „*Master of Business Administration*“ sé lögverndað heiti hér á landi eða erlendis. Það væri ekki rétt, „*Master of Business Administration*“ eða „*MBA*“ eru ekki lögvarin heiti hér á landi eða erlendis eftir besta vitund Akademias.
17. Það sé heldur ekki rétt að allir sem klára „*Master of Business Administration*“ hljóti „*meistaragráðu í viðskiptum*.“ Akademias hafi hvergi haldið því fram að Akademias gefi út „*meistaragráðu í viðskiptum*.“ Hugsanlega hafi háskólarnir gert það á eigin forsendum sem hefur skapað mikinn ágreining innan þessara stofnana enda finnst mörgum prófessorum það ekki réttlætlegt að nemendur fái sama heiti eftir 3 – 4 ára nám í dagskóla og eftir 1 – 2 ára nám um helgar. En heitið viðskiptafræðingur er ekki lögverndað heiti í dag. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning hefur Akademias aldrei talað um að fólk fái heitið „*viðskiptafræðingur*“ eða „*meistaragráðu í viðskiptum*“ í tengslum við nám Akademias.



18. Í bréfi sínu gerði Akademias athugasemdir við mat Neytendastofu á því að Executive MBA vísi til skilgreiningar á náminu Master of Business Administration. Engar forsendur séu gefnar fyrir þessu mati og það geti varla talist rök að segja að eitt heiti sem er ekki lögverndað vísi til annars heitis sem er ekki lögverndað. Það sé umhugsunarefni að matið feli í sér túlkun um að þeir nemendur sem standast námið hljóti meistaragráðu í viðskiptum. Þetta sé mat sem ekki allir í Háskóla Íslands séu sammála um.
19. Akademias vakti athygli á notkun enska orðsins „*master*“. Orðið sé notað víðs vegar án þess að um sé að ræða háskólagráður. Tækniskólinn, sem sé framhaldsskóli, tali um sig sem Meistaraskólann á heimasíðu sinni og gefur út meistarabréf. Í íslenskri orðnotkun sé talað um að „*mastera*“ eitthvað eða vera „*meistari*“ í einhverju og þá sé ekki verið að tala um háskólagráður.
20. Það sé að mati Akademias ánægjulegt að Neytendastofa hafi nýtt tímann frá 14. ágúst 2024 til 22. janúar 2025 til þess að skoða heimasíðu Akademias og komist að því sem bent var á í fyrra svari Akademias frá 14. ágúst 2024 að aldrei sé talað um Akademias sé háskóli. Hins vegar megi á heimasíðu félagsins finna umræðu um að Akademias sé ekki háskóli. Engu að síður sé vitnað í texta á heimasíðu Akademias sem sönnun þess að Akademias hafi haldið því fram að Akademias Executive MBA nám sé háskólanám.
21. Í bréfi Neytendastofu hafi verið vísað til eftirfarandi texta á heimsíðu Akademias.

*„Fólk útskrifast bæði úr einstökum áföngum, þar sem námskeiðin eru rekin sem sjálfstæð námskeið, og úr Executive MBA þegar það er búið með sem samsvarar **90 ECTS einingum.**“*

Að mati Akademias sé í bréfi Neytendastofu textinn „**90 ECTS einingum**“ feitletraður til að undirstrika það að hér sé því haldið fram að Akademias segist gefa út háskólagráðu. Akademias bendir á að lykilorðið þar sé „*samsvarar*“, ef orðin „*gefur*“ eða „*veitir*“ hefðu verið notuð í staðinn hefði mátt túlka svo að Akademias sé að veita ECTS einingar. Ekki sé verið að gefa í skyn að nám Akademias veiti ECTS einingar heldur sé klukkustundafjöldi námsins sambærilegur við önnur nám af sambærilegum toga. Akademias vísi til sömu röksemda er kemur að orðinu „*ígildi*“. Að mati Akademias sé það skýrt í markaðsefni þess að ekki sé um að ræða háskóla.

22. Í bréfi Neytendastofu sé vitnað í lög nr. 57/2005 og talað um viðskiptahætti sem teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja „*neytendur*“. Að mati Akademias sé nauðsynlegt að staldra aðeins við umræðu um kauphegðun í þessu samhengi þar sem það sé stór munur á því hvort neytendur taki kaupákvörðun annars vegar á sekúndum eða mínútum og hins vegar á vikum eða mánuðum. Eðlilega geti vefsíða og markpóstur verið blekkjandi



þegar kaupákvörðun er tekin á sekúndum eða mínútum enda sé varla hægt að tala um upplýsta ákvörðun í því samhengi. Það leiki hins vegar enginn vafi á því að þegar kaupákvörðun er talin í vikum eða mánuðum eins og fjárfesting í löngu námi felur í sér að þá sé það eðli málsins samkvæmt meira upplýst ákvörðun. Í tilviki þegar um sé að ræða nám eins og Akademias bjóði upp á, þá sé ekki hægt að tala um að orðalag á vefsíðu geti blekk neytendur. Það hljóti að bera að túlka lög og reglur með hliðsjón af vörum og þjónustu sem verið sé að bjóða upp á og eðli kaupákvörðana.

23. Akademias fullyrðir í bréfi sínu að enginn sem sé neytandi eða kaupandi að Executive MBA námi hafi trúað því að viðkomandi væri að fá ECTS einingar eða háskólagráður þar sem öllum væri fullljóst, þar sem um kaupákvörðun sé að ræða sem tekur vikur eða mánuði, að Akademias sé ekki háskóli og gefi ekki út háskólaeiningar eða háskólagráður. Jafnframt sé tekið viðtal við hvern einasta neytanda og kaupanda námsins til að meta hvort nemandi eigi erindi í námið, þar sé enn fremur tekið skýrt fram að Akademias sé ekki háskóli og geti ekki gefið út ECTS einingar eða háskólagráður. Akademias sé tilbúið að gefa Neytendastofu tækifæri til þess að taka viðtal við alla þá sem hafi keypt Akademias Executive MBA námið til þess að ganga úr skugga um hvort einhver blekking hafi átt sér stað. Það sé fullvissa Akademias að af slíkri könnun lokinni sé engin leið að halda því fram að einhver neytandi hafi verið blekkur í þessu samhengi.
24. Akademias tók það fram máli sínu til stuðnings að u.þ.b. 20% þeirra sem taka MBA nám háskólanna séu einstaklingar sem hafa tekið námskeið hjá Akademias. Þeir séu oft og iðulega að vísa í þau námskeið sem þeir hafa tekið hjá Akademias af því að þeim finnst það mikilvægt, ekki að því að þeir halda að það sé háskólagráða. Þessir nemendur hafa valið að taka Executive MBA nám hjá háskólunum, eftir að hafa skoðað kosti og galla ólíkra námsframboða. Hugsanlega megi ætla að einhverjir velji háskólanám til þess að fá háskólagráður af því að það hefur virði í þeirri huga. Það sé ánægjulegt að þar sem starfsemi Akademias feli í sér að hvetja fólk til náms og símenntunar en undirstrikar jafnframt að það sé enginn blekkur til þess að fjárfesta í Akademias Executive MBA námi.
25. Akademias tók það einnig fram í bréfi sínu að stór hópur þeirra sem sækir nám hjá Akademias sé fólk sem þegar hafi tekið MBA gráðu, hvort sem er erlendis eða við íslensku háskólana. Því sé ekki hægt að halda því fram að neytendur upplifi sig sem blekta af því að Akademias sé eitthvað óæðra nám en það sem kennt er við háskóla. Þessi umræða hefði alveg eins geta átt sér stað um nám í góðum stjórnarháttum sem báðir háskólarnir bjóða upp á í samkeppni við Akademias. Það leiki hins vegar enginn vafi á því að nám Akademias í góðum stjórnarháttum sé langvinsælasta námið á markaðnum. Opni háskólinn auglýsi sitt nám eins og það sé háskólanám sem að mati Akademias sé blekking sbr. lög nr. 57/2005.



26. Með sömu rökum og Neytendastofa noti í bréfi dagsett 22. janúar 2025 mætti ætla að mati Akademias að það sé almenn blekking í gangi og að neytendur haldi að Akademias sé háskóli. Það geti varla átt við rök að styðjast að fyrrverandi ráðherrar, bæjarstjórar, forstjórar, prófessorar við háskólana, frumkvöðlar eða forstöðumenn ríkisstofnana sem hafa verið í náminu hjá Akademias undanfarin ár haldi allir að þeir séu í háskólanámi. Jafnframt tók Akademias það fram að formaður Neytendasamtakanna sé gestafyrirlesari hjá Akademias og ekki haldi hann að Akademias sé háskóli.
27. Það kunni að vera að aðrar stofnanir sem bjóði upp á háskólanám hafi gert athugasemd við þessa framsetningu en það séu ekki neytendur að mati Akademias og þá myndi málið falla undir samkeppnissjónarmið en ekki neytendavernd. Í því samhengi minni Akademias á að félagið hafi vakið athygli Neytendastofu á samkeppnisbrotum og villandi upplýsingum til neytenda hjá báðum stærstu háskólunum þegar komi að endurmenntun og MBA námi skólanna. Það mál hafi hins vegar ekki, svo framarlega sem Akademias þekki til, fengið hljómgrunn hjá Neytendastofu. Engu að síður hafi Samkeppniseftirlitið gefið út tilmæli varðandi fjárhagslegan aðskilnað hjá háskólunum.
28. Að lokum tók Akademias fram að því sem haldið væri fram í bréfum Neytendastofu sé ekki byggt á lagalegum forsendum þar sem verið sé að ræða ólögvarin heiti sem háskólar hafi engan einkarétt á. Jafnframt hafi Neytendastofa sjálf komist að því með því að skoða vefsíðu Akademias að hvergi sé því haldið fram að Akademias sé háskóli og geti gefið út ECTS einingar eða háskólagráður. Það hafi einnig verið bent á að neytendur taki ekki ákvörðun um fjárfestingu í löngu námi nema að gera það með upplýstum hætti og taki vikur og mánuði í kaupferlið sem geri það að verkum að það sé ekki hægt að halda því fram að orðalag á vefsíðu blekki í kaupákvörðun. Það sé þó velkomið að Akademias endurskoði orðalag á vefsíðu til þess að mæta íslenskukunnáttu ólíkra hópa og til að tryggja að engum geti dottið í hug að Akademias sé háskóli eða gefi út ECTS einingar eða háskólagráður.
29. Með bréfi Neytendastofu, dags. 18. desember 2025, var Akademias upplýst um að gagnaöflun Neytendastofu væri lokið og málið yrði tekið til ákvörðunar.

II. Niðurstaða

30. Mál þetta lýtur að markaðsefni Akademias ehf. á Executive MBA námi sínu en Neytendastofu hafði borist ábendingar þess efnis að auglýsinga- og kynningarefni framangreinds náms hjá Akademias feli í sér villandi viðskiptahætti þar sem ekki sé um að ræða raunverulegt meistaranám sem veiti nemendum sem útskrifast úr náminu/námskeiðinu sérstaka prófgráðu.



31. Í bréfum sínum hafnar Akademias því að kynningarefni félagsins á Akademias Executive MBA geti talist villandi. Ekki sé um lögverndað heiti að ræða sem háskólar hafi einkarétt á. Hvergi í efni þess komi fram að Akademias sé háskóli og geti gefið út ECTS einingar eða háskólagráður. Að mati Akademias sé ákvörðun um að fjárfesta í löngu námi ekki skyndiákvörðun og að neytendur geri það með upplýstum hætti og taki vikur og mánuði í kaupferlið, því sé ekki hægt að halda því fram að orðalag á vefsíðu blekki neytendur í kaupákvörðun.
32. Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 leggur almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti og raska verulega, eða eru líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun neytenda. Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a. – g. lið málgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í a. lið 1. mgr. 9. gr. kemur fram að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar um eðli vöru eða þjónustu og hvort varan sé til eða þjónustan fyrir hendi. Þá kemur fram í b. lið sömu greinar að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar um helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar. Enn fremur kemur fram í f. lið sömu greinar að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar um réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkarréttindi. Að lokum kemur fram í 2. mgr. 9. gr. að viðskiptahættir séu villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja megji að almennt skipti máli fyrir neytendur og þær séu til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.
33. Á heimasíðu Akademias má sjá á kynningarefni félagsins á Akademias Executive MBA náminu að námið er borið saman við „*hefðbundið*“ MBA nám og að námið byggist m.a. á MBA námi við viðurkenndan, erlendan, háskóla. Þegar umfang námsins er útskýrt nánar í kynningarefninu er vísað til þess að námið „*samsvari 90 ETCS einingum*“. Á öðrum stað í kynningarefninu er einnig skírskotað til eininga en nemendur þurfa að ljúka við að ígildi 80 einingum af námskeiðum auk 10 eininga lokaverkefnis til að ljúka náminu. Þarf neytandi að fara inn á síðuna „*algengar spurningar*“ hjá Akademias til að skýrt komi fram að Akademias veiti ekki ECTS einingar sem hægt sé að fá metið í háskóla. Ekki kemur fram í kynningarefninu að sú gráða sem fæst við lokin á Akademias Executive MBA náminu sé ekki háskólagráða í skilningi laga nr. 63/2006, um háskóla. Á kynningarsíðu Akademias



Executive MBA kemur það ekki fram fyrr en í síðustu málsgrein kynningarefnisins að Akademias sé ekki háskóli.

34. Að mati Neytendastofu er kynningarefni Akademias til þess fallið að hafa villandi áhrif á hinn almenna neytanda. Í því samhengi má nefna samanburð Akdemias Executive MBA við „*hefðbundið*“ MBA nám og þær upplýsingar að skipulag Akademias Executive MBA sé byggt á MBA námi í erlendum háskóla sem veitir háskólagráður. Þar að auki má nefna tilvísanir í kynningarefni Akademias til ECTS eininga án þess að taka skýrt fram að Akademias veiti ekki slíkar einingar og vísun til heildargráðu sem fæst við lok náms í Akademias Executive MBA án þess að taka fram að umrædd gráða sé ekki háskólagráða. Eru framangreindar upplýsingar í kynningarefni Akademias að mati Neytendastofu villandi og til þess fallnar að hafa villandi áhrif á neytendur að um sé að ræða nám sem leiði til háskólagráðu í skilningi laga nr. 63/2006, um háskóla.
35. Ekki er fullnægjandi að mati Neytendastofu að neytandi sem hyggst sækja um námið fái upplýsingar um að ekki sé að ræða háskólanám sem veiti háskólagráðu að námi loknu sbr. lög nr. 63/2006, um háskóla, fyrr en í viðtali sem umsækjendur eru boðaðir í hjá Akademias. Við mat Neytendastofu á því hvort viðskiptahættir geti talist villandi er ekki eingöngu litið til þeirra upplýsinga sem neytandi hafði undir höndum þegar kaupákvörðun er formlega tekin. Einnig er litið til þeirra upplýsinga sem voru neytanda aðgengilegar þegar hann tekur ákvörðun um að skoða vöru eða þjónustu. Er þá litið til þeirra upplýsinga sem voru aðgengilegar neytanda þegar hann t.a.m. ákveður að fara í ver slun til að skoða vöru/þjónustu eða fer á heimasíðu fyrirtækis í sama tilgangi.
36. Það að neytandi fái upplýsingar um framangreind atriði í viðtali Akademias kemur að mati Neytendastofu ekki í veg fyrir að viðskiptahættir teljist villandi ef neytandi hafði ekki aðgang að þeim þegar kynningarefni Akademias er skoðað. Upplýsingarnar þurfa að vera réttar, viðeigandi og ekki settar fram með villandi hætti hvar sem þær birtast neytendum.
37. Þó svo að heitið „MBA“ eða „*Master of Business*“ sé ekki lögverndað heiti er það mat Neytendastofu að markaðssetning og kynningarefni Akademias á Akademias Executive MBA sé villandi fyrir neytendur enda er það ekki áskilið að heiti sé lögverndað til þess að vísun til þess eða samanburður við það geti talist villandi. Akademias er ekki háskóli og getur ekki veitt meistaragráður í skilningi laga nr. 63/2006, um háskóla. Heitið „*Executive MBA*“ vísar að mati Neytendastofu í almennri málnotkun til „*Executive Master of Business Administration*“ en „*Master of Business Administration*“ vísar í almennri notkun til meistaragráðu í viðskiptum sem er háskólagráða. Með vísan til framangreinds er það mat Neytendastofu að notkun Akademias á heitinu „*Akademias Executive MBA*“ eins og hún kemur fram í markaðs- og kynningarefni félagsins sé til þess fallin að villa um fyrir



hinum almenna neytanda á þann hátt að um sé að ræða nám sem leiði til viðurkenndrar prófgráðu í skilningi laga nr. 63/2006.

38. Að öllu ofangreindu virtu er það álit Neytendastofu að framsetning kynningarefnis Akademias á Akademias Executive MBA og notkun félagsins á heitinu „Executive MBA“ á námi sínu sé villandi gagnvart neytendum. Telur Neytendastofa að markaðsefni brjóti gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., a., b. og f. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
39. Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 að banna Akademias notkun heitisins „Executive MBA“, í markaðs- og kynningarefni fyrirtækisins svo villandi sé fyrir neytendur. Upplýsingar Akademias um „Akademias Executive MBA“ þurfa að vera réttar, viðeigandi og kveða á með skýrum hætti að ekki sé um háskólanám að ræða sem leiði til háskólaprófs í skilningi laga nr. 63/2006, hvar sem þær birtast neytendum.

III. Ákvörðunarorð:

„Akademias ehf., Borgartúni 23, 105 Reykjavík, hefur með notkun á heitinu „Executive MBA“ í kynningar- og markaðsefni félagsins brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., a., b. og f. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofu Akademias ehf. notkun heitisins „Executive MBA“ í markaðs- og kynningarefni félagsins þannig að villandi sé fyrir neytendur. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 20. apríl 2026

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir